



Alþingi
Erindi nr. P 139/1522
komudagur 28.2.2011

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 25. febrúar 2011.

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þált. um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, 141. mál, þskj. 156, lþ. 139.


Með tölvubréfi dags. 8. febrúar 2011 barst Jafnréttisstofu beiðni frá efnahags- og skattanefnd Alþingis um umsögn um þált. um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum, 141. mál, þskj. 156, lþ. 139.

Jafnréttisstofa vill koma þeim athugasemdum á framfæri að nauðsynlegt sé að skoða allar tillögur, hvort sem þær varða útgjöld eða niðurskurð, með „kynjagleraugun á nefinu“ ef svo má að orði komast. Það sem í því felst er að það þurfi að meta hvort og þá hvaða áhrif þau atriði, skattahækkanir, útgjaldaaukning, sköpun nýrra starfa, breyting á fyrirkomulagi varðandi atvinnuleitendur o.s.frv. hafi á konur og karla. Jafnréttislögin nr. 10/2008 gera einnig kröfu um það að ríkisvaldið taki ákvarðanir með það að markmiði að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Það er hvorki sanngjarnt né réttlátt ef breytingar leggjast hlutfallslega verr á annað kynið heldur en hitt. Það er þekkt staðreynd að konur almennt hafa lægri tekjur en karlar, konur eru jafnframt háðari velferðarkerfmu um framfærslu en karlar. Þetta skiptir máli að hafa í huga þegar aðgerðir eru ákveðnar og það þarf að vera vitað hvernig fyrirhugaðar breytingar koma út fyrir bæði kyn. Jafnréttisstofa bendir á þá þekkingu og leiðbeiningar sem hægt er að fá hjá Verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð, sjá hér nánar http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

Sé frekari upplýsinga eða skýringa óskað vinsamlegast hafið þá samband við Jafnréttisstofu.

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur